



Akraneskaupstaður

HVALFJARÐAR  
SVEIT



HÖFÐI hjúkrunar- og dvalarheimili



## Erindisbréf

### ***starfshóps um starfsemi og rekstur hjúkrunarheimilisins Höfða***

#### **Bakgrunnur að starfi hópsins:**

Allt frá árinu 1978 hafa sveitafélögin og forverar þeirra staðið sameiginlega að uppbyggingu og rekstri dvalar- og hjúkrunarheimilis að Höfða á Akranesi. Kostnaðar- og eignarskipting er að Akraneskaupstaður á 90% og Hvalfjarðarsveit 10%. Heimilið hefur verið rekið á ábyrgð sveitarfélaganna og samningar gerðir við stjórnvöld um framlög. Sveitarfélögin hafa sameiginlega staðið að ákvörðun um byggingu mannvirkja, viðhald þeirra og rekstur. Stjórn Höfða hefur annast rekstur en eigendur hafa sameiginlega tekið ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og stefnumörkun. Heilbrigðis- og fjármálaráðuneytið hafa nú áform um nýja nálgun í uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimila og eigendur Höfða telja mikilvægt að ráðast í vinnu við að undirbúa slíka breytingu.

#### **Stjórnsýsluleg staða hópsins:**

Starfshópurinn heyrir undir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar.

#### **Skipan starfshópsins:**

Starfshópurinn verður skipaður eftirfarandi fulltrúum:

- Tveimur stjórnarmönnum Höfða
- Sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar
- Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar
- Framkvæmdastjóra Höfða

Starfshópurinn kýs formann á fyrsta fundi hópsins.

A.B

LBP

### **Verkefnisstjóri starfshópsins:**

Verkefnisstjóri starfshópsins verður framkvæmdastjóri Höfða, sem sér um fundarboðun, í samráði við formann hópsins, fundarritun, gagnaöflun og ábyrgð á samantekt á starfi hópsins.

### **Verklag starfshópsins:**

Verkefnisstjóri, í samráði við formann hópsins, boðar starfshópin saman til funda með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá og fundargögn, ef við á. Fundarstjórn er í höndum formanns hópsins og verkefnastjóri sér um fundarritun. Í fundargerð skulu koma fram helstu ákvarðanir, verkefni sem vinna skal milli funda og annað sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu berast til sveitarfélaganna og stjórnar Höfða að fundi loknum.

Vinna starfshópsins byggir á þeim gögnum og greiningum sem Álit endurskoðunarskrifstofa vann fyrir Akraneskaupstað. Starfshópurinn aflar viðbótargagna sem og greininga sem hann telur nauðsynlegar. Að auki hefur hópurinn aðgang að starfsfólki sveitafélaganna eða sérfræðingum sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni.

### **Verkefni starfshópsins:**

Eigendur Höfða, Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit, hafa áform um að aðskilja rekstur hjúkrunarheimilis og dagdvalar Höfða frá rekstri fasteigna, viðhaldi þeirra og stækkun. Undirbúa þarf stofnun á rekstrar- og fasteignafélagi ásamt tilheyrandi samningagerð. Áformin eru í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda um aðskilnað hjúkrunarþjónustu, rekstur og uppbyggingu fasteigna.

Hlutverk starfshópsins er vinna að eftirfarandi þremur atriðum

1. Undirbúa stofnun á nýju rekstrarfélagi sem yfirtekur rekstur og þjónustu á starfsemi Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis (*hjúkrunarheimili, dagdvöl og akstursþjónusta*).

4. B  
LBP

2. Undirbúa þær breytingar sem þarf að vinna vegna nýs rekstrarforms um fasteignir og þann búnað sem fylgja þarf í nýju rekstrarformi fasteigna Höfða.
3. Undirbúa og semja við fjármála- og efnahagsráðuneyti og heilbrigðisráðuneytið um leigusamning vegna núverandi húsnæðis og stækkun þess með það að markmiði að fjölga hjúkrunarrýmum á Höfða.

### Starfstímabil hópsins:

Starfshópurinn skal hefja störf strax að loknu samþykki sveitarfélaganna á erindisbréfi þessu. Starfshópurinn skal hittast eins oft og þörf krefur en gert er ráð fyrir að vinnu hópsins ljúki í janúar 2025. Starfsmenn sveitarfélaga og Höfða þiggja ekki laun fyrir setu í hópnum. Fulltrúar sveitarfélaganna í starfshópnum, sem jafnframt gegna stjórnarstörfum hjá Höfða, fá greitt samkvæmt gildandi reglum viðkomandi sveitarfélags.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 11. júní 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 12. júní 2024

  
BÆJARSTJÓRN  
AKRANESI

  
SVEITARSTJÓRN  
Hvalfjarðarsveitar